

Borgarráð

Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna hjá Reykjavíkurborg

Hjálagðar fylgja til kynningar reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar.

Hjálögð fylgir einnig skýrsla starfshóps um eignaskráningu í Reykjavík til kynningar. Starfshópurinn var settur á laggirnar samkvæmt erindisbréfi borgarstjóra dags. 31. október 2016. Var honum falin tillögugerð um hvernig haga ætti fyrirkomulagi eignaskráningar Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn hefur nú skilgreint miðlægt hlutverk við umsjón eignaskráningar og eftirlit með því með gerð 11 tillagna um hvernig skráningu eigna skuli háttað.

Í skýrslunni eru einnig lagðar fram til kynningar eftirfarandi verklagsreglur og leiðbeiningar til stuðnings og nánari útfærslu á framangreindum reglum:

1. Verklagsregla um eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna
2. Verklagsregla um fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu rekstrarfjármuna
3. Verklagsregla um kaup og sölu fasteigna hjá Reykjavíkurborg
4. Verklagsregla um skráningu rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup
5. Leiðbeiningar um skráningu á kaupum og útleigu verkfæra, áhalda, tækja og búnaðar hjá Reykjavíkurborg.

Er vísað til skýrslu hópsins að því er varðar nánara efni hennar. Í kjölfar kynningar í borgarráði verða reglurnar kynntar stjórnendum og starfsfólki Reykjavíkurborgar.

Stefán Eiríksson
borgarritari

Hjálagt:

Drög að reglum um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar

Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eignaskráningar hjá Reykjavíkurborg dags. 30. mars 2017

R16090078
041

FYRIRKOMULAG EIGNASKRÁNINGAR HJÁ REYKJAVÍKURBORG

SKÝRSLA STARFSHÓPS UM FYRIRKOMULAG EIGNASKRÁNINGAR
HJÁ REYKJAVÍKURBORG DAGS. 30.MARS 2017
R16090078



Í kjölfar gildistöku reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga þann 1. janúar 2016 og brottfellingar reglugerðar nr. 944/2000 um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga skipaði borgarstjóri starfshóp um fyrirkomulag eignaskráningar hjá Reykjavíkurborg með erindisbréfi þann 31. október 2016.

Hópin skipa: Guðlaug Sigurborg Sigurðardóttir, fjármálastjóri Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og formaður starfshópsins, Gísli Hlíðberg Guðmundsson borgarbókari og Hreinn Ólafsson fjármálastjóri Umhverfis- og skipulagssviðs. Lilja Gunnarsdóttir sérfræðingur á fjármálaskrifstofu er starfsmaður hópsins.

Samkvæmt erindisbréfinu (sjá fylgiskjal 1) var starfshópnum falið að gera tillögur um hvernig fyrirkomulagi eignaskráningar Reykjavíkurborgar verði best fyrir komið og skyldi taka mið af skýrslu Innri endurskoðunar um úttekt á eignaskráningu Reykjavíkurborgar– *Vettvangsferðir á Umhverfis- og skipulagssvið, dags. febrúar 2013* og skýrslu starfshóps um eignaskráningu hjá Reykjavíkurborg dags. 28. apríl 2014.

INNIHALD

Inngangur	3
Eftirfylgni tillaga úr skýrslunni „Eignaskráning hjá Reykjavíkurborg“	5
Tillaga 1	5
Tillaga 2	5
Tillaga 3	6
Tillaga 4	6
Tillaga 5	7
Tillaga 6	7
Tillaga 7	7
Tillaga 8	7
Tillaga 9	8
Tillaga 10	8
Tillaga 11	8
Fylgiskjöl.....	9
#1 Erindisbréf	10
#2 Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar	11
#3 Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna	13
#4 Fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu rekstrarfjármuna	15
#5 Kaup og sala fasteigna hjá Reykjavíkurborg	17
#6 Skráning rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup	19
#7 Skráning á kaupum og útleigu verkfæra, áhalda, tækja og búnaðar hjá Reykjavíkurborg	20

INNGANGUR

Megin hlutverk starfshópsins var að endurskoða og uppfæra drög að reglum um eignaskráningu Reykjavíkurborgar sem unnin voru á grunni tillagna starfshóps um fyrirkomulag eignaskráningar hjá Reykjavíkurborg sem skipaður var með erindisbréfi þann 8. apríl 2013. Þau drög voru ekki lögð fram til samþykktar í ljósi þess að unnið var að breytingum reglugerðar 944/2000 um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, en tillagan byggði á ákvæðum 7. gr. reglugerðarinnar þar sem sagði um eignaskrá;

„Sveitarfélög skulu halda sérstaka skrá um þá rekstrarfjármuni sína, sem ekki eru færðir meðal eigna í bókhaldi. Eignaskráin skoðast sem hluti af bókhaldsgögnum sveitarfélagsins.“

Með gildistöku nýrrar reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga 1. janúar 2016, sem gefin var út af Innanríkisráðuneytinu þann 11. desember 2015 féllu úr gildi reglugerð nr. 944/2000 með síðari breytingum, auglýsing nr. 414/2001 með síðari breytingum og auglýsing nr. 790/2001 með síðari breytingum.

Í 14. grein reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga sem gefin var út segir um eignaskrá;

„Sveitarfélag skal halda sérstaka skrá um helstu rekstrarfjármuni sína sem ekki eru færðir meðal eigna í bókhaldi. Eignaskráin skoðast sem hluti af bókhaldsgögnum sveitarfélagsins.“

Starfshópurinn samdi tillögu að reglum um eignaskráningu byggða á ábendingum innri endurskoðenda og tillögum fyrri starfshóps með hliðsjón af framangreindum reglugerðarbreytingum „Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar“¹.

Til stuðnings og nánari útfærslu á framangreindum reglum var útbúin verklagsregla – „Verklagsregla um skráningu rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup“² og „Leiðbeiningar um skráningu á kaupum og útleigu verkfæra, áhalda, tækja og búnaðar hjá Reykjavíkurborg“³.

Eftirfarandi verklagsreglur sem allar eiga það sameiginlegt að fjalla með einum eða öðrum hætti um eignaskráningu hjá Reykjavíkurborg voru uppfærðar; „Verklagsregla um eignfærslu

¹ Sjá fylgiskjal 2 - Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar.

² Sjá fylgiskjal 6 – FMS-VLR-142

³ Sjá fylgiskjal 7 – FMS-LBE-163

varanlegra rekstrarfjármuna“⁴, „Verklagsregla um fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu rekstrarfjármuna“⁵ og „Verklagsregla um kaup og sölu fasteigna hjá Reykjavíkurborg“⁶.

Við undirbúning *Reglna um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar* var farið yfir tillögur sem settar voru fram í skýrslunni „Eignaskráning hjá Reykjavíkurborg“ dags. 28. apríl 2014⁷. Eru tillögurnar settar fram hér á eftir með athugasemdum um úrbætur og eftirfylgni. Varðandi frekari umfjöllun um tillögurnar er vísað til skýrslunnar.

⁴ Sjá fylgiskjal 3 – FMS-VLR-129

⁵ Sjá fylgiskjal 4 – FMS-VLR-130

⁶ Sjá fylgiskjal 5 – FMR-VLR-141

⁷ Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eignaskráningar hjá Reykjavíkurborg sem skipaður var með erindisbréfi dags 8. apríl 2013 - R13030061

EFTIRFYLGNI TILLAGA ÚR SKÝRSLUNNI „EIGNASKRÁNING HJÁ REYKJAVÍKURBORG“

TILLAGA 1

Stofnbúnaður verði endurskilgreindur þannig að hann taki eingöngu til rekstrarfjármuna sem teljast varanlegir, þar með verði það eðli og ending hluta sem ræður meðhöndlun í bókhaldi fremur en tímasetning kaupanna.

Tillögu fylgt eftir með 3. gr. reglna um eignaskráningu rekstrarfjármuna⁸ þar sem stofnbúnaði er skipt upp í flokka með tilliti til fyrningartíma.

TILLAGA 2

Eignaskráning rekstrarfjármuna verði tekin upp á árinu 2014 í Eignasjóði samhliða uppfærslu eignakerfis Agresso og nái til allra rekstrarfjármuna sem keyptir verða á árinu 2014 og síðar að því tilskildu að stofnverð einstakra eigna eða eignasamstæða sé 250.000 krónur⁹ að lágmarki. Sama verklag verði tekið upp í Aðalsjóði á árinu 2015. Samhliða verði Fjármálaskrifstofu falið að setja fram skýrt verklag um hvaða upplýsingar skuli koma fram í eignaskrá og hvernig skráningu skuli háttað.

UM TILLÖGUNA

Tillagan byggði á ákvæðum 7. gr. reglugerðar nr. 944/2000 þar sem sagði um eignaskrá;

„Sveitarfélög skulu halda sérstaka skrá um þá rekstrarfjármuni sína, sem ekki eru færðir meðal eigna í bókhaldi. Eignaskráin skoðast sem hluti af bókhaldsgögnum sveitarfélagsins.“

Með tillögunni var stigið skref til að fylgja ákvæðum reglugerðarinnar en þó með þeim takmörkunum að skráning skyldi einungis taka til rekstrarfjármuna við ákveðna lágmarksfjárhæð og var sú lágmarksfjárhæð skilgreind útfrá fjárhæðarmörkum um eignfærslu í lögum um tekjuskatt.

Þegar starfshópurinn lauk störfum lá fyrir að unnið væri að endurskoðun reglugerðarinnar og því var ákveðið að fresta því að taka upp eignaskráningu uns ný reglugerð hefði tekið gildi.

⁸ Sjá fylgiskjal 2 - Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar.

⁹ Viðmiðunarfjárhæðin sem starfshópurinn leggur til að sé fylgt á sér stoð í 39. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt með áorðnum breytingum. „Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir kr. 250.000 er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað.“ Hefur fjárhæðin staðið óbreytt frá því lögin tóku gildi 15. maí 2003.

Í 14. grein reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga sem gefin var út af Innanríkisráðuneytinu 11. desember 2015 segir um eignaskrá;

„Sveitarfélag skal halda sérstaka skrá um helstu rekstrarfjármuni sína sem ekki eru færðir meðal eigna í bókhaldi. Eignaskráin skoðast sem hluti af bókhaldsgögnum sveitarfélagsins.“

Með breytingunni er sveitarfélögum í sjálfsvald sett að skilgreina hverjir séu helstu rekstrarfjármunir og er þar með skotið stoðum undir þá tillögu starfshópsins að halda skuli skrá yfir lausafjármuni að stofnverði umfram kr. 250.000.

Tillögu fylgt eftir með 2. gr. reglna um eignaskráningu rekstrarfjármuna¹⁰ þar sem lagt er til að taka upp samræmda skráningu allra rekstrarfjármuna sem Aðalsjóður og Eignasjóður festa kaup á frá og með árinu 2017.

TILLAGA 3

Skerpt verði á þeirri ábyrgð sem starfsmenn bera á þeim rekstrarfjármunum sem þeir hafi yfir að ráða og að þeir svari fyrir þá ábyrgð gagnvart sínum næsta yfirmanni á viðkomandi starfseiningu.

Tillögu fylgt eftir með 4. gr. reglna um eignaskráningu rekstrarfjármuna¹¹ um ábyrgð á rekstrarfjármunum auk þess sem þar vísað er til 2. gr. siðareglna starfsmanna Reykjavíkurborgar¹² þar sem kveðið er á um að starfsfólk aðhafist ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé.

TILLAGA 4

Rekstrarfjármunir Reykjavíkurborgar að stofnverði umfram 50 þúsund krónur sem samnýttir eru af tveimur eða fleiri starfsmönnum og/eða eru fluttir á milli verkstaða, verði við kaup auðkenndir með merki borgarinnar (logo). Er það á ábyrgð þess sem samþykkir kaupin að sjá til þess að verklagsreglunni sé fylgt eftir.

Tillögu fylgt eftir með 5. gr. reglna um eignaskráningu rekstrarfjármuna¹³. Fallið er þó frá kröfu um því að nauðsynlegt sé að merkingin feli í sér merki borgarinnar (logo) þar sem því verður ekki alls staðar komið við.

¹⁰ Sjá fylgiskjal 2 - Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar.

¹¹ ditto

¹² Siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar samþykktar í borgarráði 22. október 2009

¹³ Sjá fylgiskjal 2 - Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar.

TILLAGA 5

Allir rekstrarfjármunir sem skráðir verða í eignakerfi Agresso verði strikamerktir þar sem því verður komið við.

Fallið er frá tillögunni þar eð sýnt þykir að kostnaður sem hún hafi í för með sér sé meiri en hugsanlegur ávinningur af því að henni sér framfylgt.

TILLAGA 6

Fjármálaskrifstofu verði falið að setja fram skýrt verklag um útlán og útleigu rekstrarfjármuna borgarinnar og gjaldskrár viðmið, eigi það við.

Tillögunni fylgt eftir með leiðbeiningum FMS-LBE-163¹⁴ þar sem settar eru fram reglur varðandi skráningu og eftirlit með útleigu á áhöldum, tækjum og verkfærum milli starfsstöðva sem og til þriðja aðila. Leiga áhalda, tækja og verkfæra til þriðja aðila er alltaf gegn endurgjaldi. Reikningagerð er í sölukerfi Agresso og eftirfylgni með skilum er á hendi þess sem annast útleiguna.

TILLAGA 7

Skrifstofu borgarlögmans í samráði við skrifstofu eigna og atvinnuþróunar verði falið að setja fram skýrt verklag um útlán og útleigu húsnæðis sem borgin á eða hefur yfiráð yfir og nýtir alla jafna í tengslum við skyldubundna þjónustu. Jafnframt verði sett gjaldskrár viðmið, eigi það við.

Tillögunni verði vísað formlega til skrifstofu borgarlögmans.

TILLAGA 8

Útbúinn verði verklagsferill um fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu varanlegra rekstrarfjármuna þar sem kveðið verði á um að

- i. kaup á áhöldum, tækjum og eignasamstæðum að lágmarks kaupverði 2,5 millj. kr. skuli eignfærð.
- ii. kaup á stofnbúnaði skuli eignfærð. Stofnbúnaður tekur eingöngu til rekstrarfjármuna sem teljast varanlegir.
- iii. kaup á skráningarskyldum tækjum skulu eignfærð, óháð kaupverði.
- iv. kaup á áhöldum, tækjum og eignasamstæðum undir 2,5 millj. kr. skuli gjaldfærð með þeirri undantekningu einni að öll skráningarskyld tæki skulu eignfærð, óháð kaupverði.

¹⁴ Sjá fylgiskjal 7 - Skráning á kaupum og útleigu verkfæra, áhalda, tækja og búnaðar hjá Reykjavíkurborg

Tillögu fylgt eftir með 6. gr. reglna um eignaskráningu rekstrarfjármuna¹⁵, er henni ennfremur fylgt eftir með verklagsreglu FMS-VLR-130¹⁶ sem hefur verið uppfærð til samræmis.

TILLAGA 9

Fjármálaskrifstofu verði falið að setja fram skýrt verklag um hvernig kaupum varanlegra rekstrarfjármuna skuli háttað auk þess sem skilgreindar verði heimildir fagsviða og skrifstofa borgarinnar til að stofna til skuldbindinga fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Tillögunni fylgt eftir með nýrri verklagsreglu FMS-VLR-142¹⁷ og nýjum leiðbeiningum FMS-LBE-163¹⁸.

TILLAGA 10

Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar verði falið að setja fram skýrt verklag um sölu rekstrarfjármuna borgarinnar.

Við eftirgrennslan hefur komið í ljós að ríkið gerði tímabundinn samstarfssamningi við bland.is um sölu lausafjármuna fyrir allar stofnanir ríkisins. Starfshópsins leggur til að því sé vísað til innkaupadeildar fjármálaskrifstofu að afla upplýsinga hjá Ríkiskaup um það tilraunaverkefni og kanna möguleika á að Reykjavíkurborg feti í þeirra fótspor.

TILLAGA 11

Kannaður verði sá möguleiki að víkka út eignavef Reykjavíkurborgar þannig að unnt sé að halda utan um umsýslu skráningarskylda tækja á vefnum.

Eignavefur Reykjavíkurborgar er hannaður í kringum fasteignir og hentar ekki til að halda utan um skráningarskylda tæki. Kannað var hjá nokkrum af stærstu bílaleigunum við hvaða kerfi væri stuðst í flotastýringu. Leiddi sú könnun í ljós að vegna mikils veltuhraða er þörf þeirra takmörkuð fyrir slíkt kerfi. Skráning áunninna kílómetra er almennt í sölukerfi og þar sem bílar eru gjarnan seldir strax eftir fyrsta árið er ekki haldin skrá um ábygðarskoðanir og lögbundnar skoðanir nema í þjónustubók bifreiða og sama á við um olúskipti. Hjá Reykjavíkurborg er umsýsla einstakra bifreiða og tækja í eigu Eignasjóðs á höndum leigutaka. Á velferðarsviði hefur verið ráðinn umsjónarmaður bifreiða og á umhverfis- og skipulagssviði hafa verið skilgreindir ábygðaraðilar með umsjón bifreiða. Það má hugsa sér að eftir því sem tækjum fjölgar vaxi þörfin fyrir að ábyrgin á slíkri umsýslu fylgi samræmdum verkferlum.

¹⁵ Sjá fylgiskjal 2 - Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar.

¹⁶ Sjá fylgiskjal 4 – Fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu rekstrarfjármuna.

¹⁷ Sjá fylgiskjal 6 – Skráning rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup.

¹⁸ Sjá fylgiskjal 7 – Skráning á kaupum og útleigu verkfæra, áhalda, tækja og búnaðar hjá Reykjavíkurborg

FYLGISKJÖL



ERINDISBRÉF

Starfshópur um fyrirkomulag eignaskráningar hjá Reykjavíkurborg

Ábyrgðarmaður:
Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Í kjölfar skýrslu Innri endurskoðunar: Úttekt á eignaskráningu Reykjavíkurborgar – *Vettvangsferðir á Umhverfis- og skipulagssvið*, dags. febrúar 2013 skipaði borgarstjóri starfshóp um fyrirkomulag eignaskráningar hjá Reykjavíkurborg með erindisbréfi þann 8. apríl 2013. Samkvæmt erindisbréfinu var starfshópnum falið að fara yfir úttekt Innri endurskoðunar á eignaskráningu Reykjavíkurborgar frá því í febrúar 2013 og gera tillögu um hvernig fyrirkomulag eignaskráningar borgarinnar verði best fyrir komið. Hópnum var jafnframt falið að yfirfara atriði sem snúa sérstaklega að meðferð eigna í bókhaldi.

Starfshópurinn skilaði niðurstöðum með skýrslu dags. 28. apríl 2014. Á grunni tillagna starfshópsins voru gerð drög að reglum um eignaskráningu Reykjavíkurborgar sem ekki hafa verið lögð fram til samþykktar, m.a. þar sem ljóst var að breytingar á lagakröfum til eignaskráningar voru í farvatninu. Reglugerð nr. 1212/2015 var gefin út af innanríkisráðherra 11. desember 2015 og tók gildi 1. janúar 2016. Í henni eru gerðar minni kröfur til eignaskráningar en áður.

Hlutverk:

Tillögugerð um hvernig fyrirkomulagi eignaskráningar Reykjavíkurborgar verði best fyrir komið.

Helstu verkefni:

- Skilgreina miðlægt hlutverk við umsjón eignaskráningar og eftirlit með því.
- Tillögur um hvernig skráningu eigna skuli háttað.
- Gerð reglna um eignaskráningu ásamt tengdum verklagsreglum eftir því sem við á.

Starfshópurinn skipa:

Guðlaug S. Sigurðardóttir, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (formaður)
Hreinn Ólafsson, umhverfis- og skipulagssviði.
Gísli H. Guðmundsson, borgarbókari.

Starfsmaður:

Lilja Gunnarsdóttir, fjármálaskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn taki mið af úttekt Innri endurskoðunar á eignaskráningu Reykjavíkurborgar, skýrslu starfshóps um eignaskráningu hjá Reykjavíkurborg dags. 28. apríl 2014. Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili niðurstöðum til ábyrgðarmanns fyrir 15. janúar 2017.

Reykjavík, 31. október 2016.

Dagur B. Egge (Eggetsson)

#2 REGLUR UM EIGNASKRÁNINGU REKSTRARFJÁRMUNA
REYKJAVÍKURBORGAR

REGLUR
um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar

1. gr.
Tilgangur

Í reglum þessum er skráð og skilgreint fyrirkomulag eignaskráningar rekstrarfjármuna hjá Reykjavíkurborg. Tilgangurinn með reglunum er að stuðla að varðveislu eigna og góðu eftirliti með þeim og tryggja rétta og ítarlega skráningu þeirra. Skráin skoðast sem hluti af bókhaldsgögnum Reykjavíkurborgar eins og kveðið er á um í 14. grein reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

2. gr.
Gildissvið

Halda skal eignaskrá sem nái til allra lausafjármuna að því tilskyldu að stofnverð einstakra eigna eða eignasamstæða sé 250.000 krónur að lágmarki.¹⁹ Halda skal slíka eignaskrá frá og með árinu 2017 í Aðalsjóði og Eignasjóði yfir alla lausafjármuni sem keyptir verða á því ári og síðar. Um eignaskrá gildir verklagsregla fjármálaskrifstofu FMS-VLR-142 Skráning rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup.

3. gr.
Stofnbúnaður

Til stofnbúnaðar heyra einungis rekstrarfjármunir sem teljast varanlegir. Hver sá búnaður annar sem keyptur er inn við stofnun nýrrar rekstrareiningar skal gjaldfærður á fyrsta rekstrarári. Fyrningartími stofnbúnaðar skal vera sem hér segir

Lykill	Tegund	Ár
5580	Húsgögn	10
5581	Námsgögn og leikföng	3
5582	Rafmagnstæki	3-5
5583	Tölvubúnaður	3
5589	Önnur tæki og búnaður	1-10

¹⁹ Viðmiðunarfjárhæðin á sér stoð í 39. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt með áorðnum breytingum. „Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir kr. 250.000 er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað.“

4. gr.

Ábyrgð á rekstrarfjármunum

Starfsmenn skulu bera ábyrgð gagnvart sínum næsta yfirmanni á viðkomandi starfseiningu á þeim rekstrarfjármunum sem þeir hafa yfir að ráða. Ábyrgðin er ekki sist af siðferðislegum toga í samræmi við 2. gr. siðareglna starfsmanna Reykjavíkurborgar þar sem kveðið er á um að starfsfólk aðhafist ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé.

5. gr.

Merking rekstrarfjármuna

Rekstrarfjármunir Reykjavíkurborgar að stofnverði umfram 50 þúsund krónur sem samnýttir eru af tveimur eða fleiri starfsmönnum og/eða eru fluttir á milli verkstaða, skulu við kaup vera auðkenndir með merki Reykjavíkurborgar eða öðrum skýrum hætti. Er það á ábyrgð þess sem samþykkir kaupin að sjá til þess að merking sé til staðar. Halda skal lista yfir alla merkta rekstrarfjármuni.

6. gr.

Fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu

Um fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu rekstrarfjármuna skal fara eftir verklagsreglu fjármálaskrifstofu FMS-VLR-130 Fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu eigna.

- v. kaup á áhöldum, tækjum og eignasamstæðum að lágmarks kaupverði 2,5 millj. kr. skulu eignfærð.
- vi. kaup á stofnbúnaði skulu eignfærð óháð kaupverði.
- vii. kaup á skráningarskyldum tækjum skulu eignfærð, óháð kaupverði.
- viii. kaup á áhöldum, tækjum og eignasamstæðum undir 2,5 millj. kr. skulu gjaldfærð með þeirri undantekningu að stofnbúnaður og öll skráningarskyld tæki skulu eignfærð, óháð kaupverði.

Reykjavík, x.x.2017

XXXX
borgarritari

#3 EIGNFÆRSLA VARANLEGRA REKSTRARFJÁRMUNA



Reykjavíkurborg

Fjármálaáskrifstofa

Númer skjals:	FMS-VLR-129
Skjalahúll:	06. Uppgjör
Útgáfa:	1.0
Útgáfudags:	08.03.2017
Síðast rýnt/næst rýnt:	08.03.2017 / 08.03.2018
Ábyrgðarmaður:	Fjármálastjóri

FMS-VLR-129 Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

1 Tilgangur og gildissvið

Verklagsreglu þessari er ætlað að kveða á um eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna og eftir atvikum eignfærslu eða gjaldfærslu viðhaldskostnaðar þeirra.

2 Ábyrgð

Fjármálastjóri ber ábyrgð á að samþykktum verklagsreglum sé viðhaldið og hefur eftirlit með að þeim sé framfylgt af fagsviðum Reykjavíkurborgar.

3 Skilyrði fyrir eignfærslu.

3.1. Rekstrarfjármunir

Samkvæmt IAS 16 sem á við um Reykjavíkurborg skulu félög skrá eignir sínar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar efnahagslegur framtíðarávinningur tengdur eignunum mun nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað sem fellur til vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði en það felur meðal annars í sér kaupverð eignar, flutningskostnað, uppsetningarkostnað og allan þann kostnað sem rekja má beint til þess að eigninni er komið í starfhæft ástand.

Útgjöld kunna að falla til síðar á nýtingartíma eignar til að viðhalda starfhæfu ástandi. Útgjöldin sem falla til má bæta við bókfært verð eignar þegar líklegt er að framkvæmdirnar feli í sér efnahagslegan ávinning í framtíðinni fyrir félagið. Vísendingar um efnahagslegan ávinning er meðal annars aukinn nýtingartími eignar, aukin magn framleiddrar vöru og aukin gæði framleiddrar vöru.

3.2 Viðbætur

Viðbætur á varanlegum rekstrarfjármunum Reykjavíkurborgar skulu eignfærðar. Sem dæmi um viðbætur er ný viðbygging við skóla eða nýtt lofttræsirkerfi. Báðar aðgerðir auka þjónustumöguleika eignarinnar og geta þar með aukið mögulegar framtíðartekjur. Nýja viðbótin er því eignfærð á núverandi eign og er útgjöldum hennar þannig jafnað á móti tekjum.

3.3 Viðhald

Útgjöld vegna viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna skulu færð til gjalda nema því aðeins að um meirihálta viðhald sé ræða sem líklegt er til að auka efnahagslegur ávinningur af eigninni frá upphaflegu mat á efnahagslegu hæfi hennar.

Vísendingar um efnahagslegan ávinning eru t.d. aukinn nýtingartími eignar og aukin hagkvæmni í rekstri. Ef útgjöldin auka ekki efnahagslegan ávinning eignar skal gjaldfæra kostnaðinn á því tímabili sem hann fellur til.

Viðhald á eignum er flokkað sem venjulegt viðhald og meiriháttar viðhald. Venjulegt viðhald er framkvæmt til að viðhalda eignum í áframhaldandi starfhæfu ástandi og eykur ekki líftíma eða tekjumöguleika eignar. Því á að gjaldfæra kostnaðinn á því tímabili sem hann fellur til.

Meiriháttar viðhald eru stærri viðgerðir sem eru framkvæmdar sjaldnar en venjulegt viðhald. Til dæmis gæti þurft að skipta um innréttingar í skóla nokkrum sinnum á líftíma hans. Þetta er viðhald sem eykur tekjumöguleika og líftíma skólans og því á að eignfæra kostnaðinn. Nýja innréttingin er færð sem sérstök eign vegna þess að nýtingartími hennar er annar en fasteignarinnar sem hún tengist og að lokum er gamla innréttingin afskrifuð.

4 Framkvæmd

Eignfæra skal varanlega rekstrarfjármuni, viðbætur og meiriháttar viðhald samkvæmt þessari verklagsreglu.

5 Tilvísanir

Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar.

FMS-VLR-130 Fjárhæðamörk eignfærslu og gjaldfærslu rekstrarfjármuna.

FMS-VLR-142 Skráning rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup.

#4 FJÁRHÆÐARMÖRK EIGNFÆRSLU OG GJALDFÆRSLU REKSTRARFJÁRMUNA



Reykjavíkurborg

Fjármála- og vaxtaáhrifastofa

Númer skjals:	FMS-VLR-130
Skjalalykill:	06. Uppgjör
Útgáfa:	2.0
Útgáfudags:	20.12.2016
Síðast rýnt/næst rýnt:	20.12.2016 / 20.12.2017
Abyrgðarmaður:	Fjármálastjóri

FMS-VLR-130 Fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu rekstrarfjármuna

1 Tilgangur og gildissvið

Verklagsreglu þessari er ætlað að kveða á um fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu rekstrarfjármuna.

2 Ábyrgð

Fjármálastjóri ber ábyrgð á að samþykktum verklagsreglum sé viðhaldið og hefur eftirlit með að þeim sé framfylgt af fagsviðum Reykjavíkurborgar.

3 Framkvæmd

3.1 Eignfærsla


Eignfæra skal öll kaup á áhöldum, tækjum og eignasamstæðum sem nema að lágmarki 2,5 milljónum króna. Jafnframt skal eignfæra áhöld, tæki og eignasamstæður sem gerður er rekstrarleigusamningur um ef heildar verðmæti samningsins er að lágmarki 2,5 milljónir króna.

3.2 Skráningarskyld tæki og stofnbúnaður

Þrátt fyrir grein 3.1 skal eignfæra öll kaup á skráningarskyldum tækjum og stofnbúnaði óháð kaupverði þeirra. Sama gildir um rekstrarleigu á skráningarskyldum tækjum og stofnbúnaði.

3.3 Gjaldfærsla

Öll kaup og rekstrarleiga á áhöldum, tækjum og eignasamstæðum þar sem kaupverð nær ekki fjárhæðarmörkum greinar 3.1 og teljast ekki skráningarskyld eða stofnbúnaður samkvæmt grein 3.2 skulu gjaldfærð.



#5 KAUP OG SALA FASTEIGNA HJÁ REYKJAVÍKURBORG



Reykjavíkurborg
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Númer skjals:	FMS-VLR-141
Skjalalykill:	01.01 Stefnumörktun og skipurit
Útgáfa:	1.1
Útgáfudags:	06.10.2016
Síðast rýnt / næst rýnt:	20.03.2017 / 20.03.2018
Ábyrgðarmaður:	SEA

FMS-VLR-141 KAUP OG SALA FASTEIGNA HJÁ REYKJAVÍKURBORG

1. Tilgangur og gildissvið

Að tryggja samræmdar og faglegar aðgerðir við undirbúning og framkvæmd við kaup og sölu eigna Reykjavíkurborgar. Að skerpa á hlutverki *skrifstofu eigna og atvinnuþróunar* (SEA) sem stefnumótunaraðila við undirbúning ákvarðana um kaup og sölu eigna og/eða löggilttra fasteignasala sem umsjónaraðila.

2. Ábyrgðarskipting

Borgarráð tekur ákvörðun um að hefja sölumeðferð eigna. *Borgarráð* samþykkir tilboð í sölu eigna og samþykkir tilboðsfjárhæð vegna kaupa eigna.

SEA gerir tillögu til borgarráðs um kaup og sölu eigna. *SEA* gerir einnig tillögu um ásett verð og söluskilmála, við sölu eigna Reykjavíkurborgar, og eftir atvikum samþykkir tilboð með fyrirvara um samþykki borgarráðs. *SEA* gerir samninga um kaup og sölu á eignum, með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

3. Lýsing

3.1 Ákvörðun um athugun á kaup eða sölu eigna.

- Hugmyndir og tillögur um kaup og sölu eigna geta m.a. verið vegna breytinga skipulags, færslu stofnana eða sviða Reykjavíkurborgar eða annarra ástæðna víðsvegar innan borgarmarkanna. Slíkum hugmyndu og tillögum skal beint til *SEA* sem gerir tillögu til borgarráðs um framhald málsins eftir atvikum.
- SEA* getur að höfðu samráði við borgarstjóra, haft frumkvæði að kaupum og sölu eigna ef líkur eru á að slíkt þjóni hagsmunum Reykjavíkurborgar í fyrirsjáanlegri framtíð s.s. með uppkaupum eigna innan og utan deiliskipulagðra svæða. Samningar skulu ávallt gerðir með fyrirvara um samþykki borgarráðs þegar samþykki fyrir kaupum og sölu liggur fyrir.

3.2 Ferli við sölu eigna.

- Borgarráð* ákveður að hefja sölumeðferð eigna og vísar málinu til meðferðar *SEA* sem annast sölu eignarinnar eða útvisar verkefnum til löggilts fasteignasala. Semja skal um sölupóknun við löggiltan fasteignasala áður en söluferlið hefst. Fer það eftir atvikum hverju sinni hvort heimilað er að eign skuli auglýst. *Borgarráð* getur ákveðið að verð skuli vera fastákveðið eða ákveðið lágmarksverð með útboðsfyrirkomulagi.
- Ef *SEA* er falið að selja eignina tekur borgarráð, eftir tillögu frá *SEA*, ákvörðun hvert eftirtalinna söluferia verði notað við söluna:
 - eign er auglýst á sölufel skrifstofunnar á föstu verði og með almennum auglýsingum í blöðum;
 - eign er auglýst með útboðsfyrirkomulagi á sölufel *SEA* og með almennum auglýsingum í blöðum og seild hæstbjóðanda eða bjóðanda sem uppfyllir tiltekin skilyrði í útboðsauglýsingu, s.s. við val á starfsemi eða val á flutningshúsi;
 - leitað er tilboða eftir forvali á líklegum kaupendum með auglýsingum í blöðum í lokuðu útboði sem hafa þekkingu og fjárhagslega getu til þess að kaupa umrædda eign. Gerður er síðan samningur við hæstbjóðanda;

- iv. samið er við þriðja aðila án auglýsingar ef málefnalegar ástæður mæla með því. Dæmi um slíkar ástæður gætu verið: að greiða fyrir framgangi skipulags, til að mæta skipulagssjónarmiðum um að velja tiltekna starfsemi inná tiltekið skipulagssvæði eða tryggja aðstöðu fyrir starfsemi sem á að flytja til. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, heldur gildir það megin sjónarmið að sé valið að selja eign án auglýsingar skulu málefnaleg sjónarmið fyrir þeirri ákvörðun rökstudd í tillögu til borgarráðs.

Við sölu fasteignar skal leita eftir og hafa hlíðsjón af, verðmati tveggja óháðra löggiltra fasteignasala eða sérfróðra aðila. Söluverð ákvarðast annað hvort beint með hærra verðmati af tveimur eða með meðaltalsverði tveggja verðmata sem eru fyrirbyggjandi eða óbeint með hlíðsjón af upplýsingum um markaðsverð sambærilegra eigna/eignar.

3.2.1. *Gagnaöflun, verð og skjalagerð.*

- Afla skal verðmats sérfróðra aðila, aldrei færri en tveggja. Verðmöt skulu ekki vera eldri en 6 mánaða en vikja má frá því þegar eign hefur verið lengi í sölu og kauptilboð berst í eign. Borgarráð getur óskað eftir verðmötum í slíkum tilvikum.
- Útbúa skal og yfirfara söluveg atriði s.s. nauðsynlegar lagfæringar fasteignar, opinberar skráningar fasteignar, teikningar, kvaðir, veðbönd o.þ.h.
- SEA gerir tillögu til borgarráðs um ásett verð og aðra söluskilmála.
- Að fengnu samþykki borgarráðs hefst söluferli, eign er auglýst, myndir settar á söluvef SEA, dreififni sett á söluvefinn o.þ.h.
- SEA samþykkir tilboð og/eða gagntilboð með fyrirvara um samþykki borgarráðs.
- Eftir að tilboð er samþykkt er það lagt fyrir borgarráð til staðfestingar eða synjunar.
- Að lokinni staðfestingu er samþykktu tilboði fylgt eftir með gerð kaupsamnings sem SEA útbýr og aflar rétttra undirskrifta og fer með kaupsamning/afsali til þinglýsingar. Í framhaldi af því eru greiðslur innheimtar og gengið frá afhendingu, mælaálestri, uppgjöri gjalda og að lokum afsali.

3.3 *Ferill við kaup eigna.*

- SEA ákveður að höfðu samráði við borgarstjóra að falast eftir eign.
- Upplýsingar um ástand eignarinnar og nauðsynlegt viðhald skulu liggja fyrir svo og annað sem kann að hafa áhrif á verðgildi eignarinnar.
- SEA ákveður tilboðsfjárhæð með fyrirvara um samþykki borgarráðs.
- Eftir að tilboð er samþykkt er það lagt fyrir borgarráð til staðfestingar eða synjunar.
- Að lokinni staðfestingu er samþykktu tilboði fylgt eftir með gerð kaupsamnings, sem SEA annast, til þinglýsingar og í framhaldi af því greiðslur inntar af hendi samkvæmt ákvæðum kaupsamnings og gengið frá yfirtöku, mælaálestri, uppgjöri gjalda og að lokum afsali og þinglýsingu þess.

4. Tilvísanir

Reglur þessar eru endurskoðun á reglum VER-001-03 sem falla úr gildi þegar borgarráð hefur samþykkt verklagsreglur þessar.

#6 SKRÁNING REKSTRARFJÁRMUNA SEM GJALDFÆRÐIR ERU VIÐ KAUP



Reykjavíkurborg

Fjármálastjóri

Númer skjals:	FMS-VLR-142
Skjalalykill:	06. Uppgjör
Utgáfa:	1.0
Utgáfudags:	20.12.2016
Síðast rýnt/næst rýnt:	20.12.2016 / 20.12.2016
Ábyrgðarmaður:	Fjármálastjóri

FMS-VLR-142 Skráning rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup

1. Tilgangur og gildissvið

Verklagsreglu þessari er ætlað að tryggja samræmda eignaskráningu allra lausafjármuna Aðalsjóðs og Eignarsjóðs sem uppfylla fjárhæðarmörk 2. greinar Reglna um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar.

2. Ábyrgð

Fjármálastjóri ber ábyrgð á að samþykktum verklagsreglum sé viðhaldið og hefur eftirlit með að þeim sé framfylgt af fagsviðum Reykjavíkurborgar. Fjármálastjóri sviðs/skrifstofu ber ábyrgð á að unnið sé í samræmi við verklagsreglu þessa.

3. Framkvæmd

Bóka skal öll innkaup sem eru yfir fjárhæðarmörkum skv. 2. grein Reglna um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar á bókhaldslykil 5247 Gjaldfærðir rekstrarfjármunir, með skylduútfyllingu í vidd 4.

Við ársfjórðungs- og ársuppgjör ber að rýna innkaup með tilliti til fjárhæðarmarkna sem fram koma í 2. grein Reglna um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar. Færslur yfir fjárhæðarmörkum sem ekki eru rétt bókaðar skal flytja á bókhaldslykil 5247 gjaldfærðir rekstrarfjármunir.

Sundurliðuðu yfirliti yfir stöðu á bókhaldslykil 5247 Gjaldfærðir rekstrarfjármunir skal skila til uppgjörseildar með ársuppgjöri.

4. Tilvisanir

Reglur um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar.

FMS-VLR-129 Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna eða gjaldfærsla viðhaldskostnaðar.

FMS-VLR-130 Fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu eigna.

#7 SKRÁNING Á KAUPUM OG ÚTLEIGU VERKFÆRA, ÁHALDA, TÆKJA OG BÚNAÐAR HJÁ REYKJAVÍKURBORG



Númer skjals:	FMS-LBE-163
Skjalatitill:	06.01 Uppgjör
Utgáfa:	0.1 (Drög)
Utgáfudags:	30.03.2017
Síðast rýnt / næst rýnt:	30.03.2017 / 30.03.2018
Ábyrgðarmaður:	Fjármálastjóri

FMS-LBE-163 SKRÁNING Á KAUPUM OG ÚTLEIGU VERKFÆRA, ÁHALDA, TÆKJA OG BÚNAÐAR HJÁ REYKJAVÍKURBORG

1. Tilgangur og gildissvið

Að tryggja samræmda skráningu á kaupum á verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði innan rekstrareininga Reykjavíkurborgar þannig að ávallt sé ljós eignastaða Reykjavíkurborgar á tækjum og búnaði.

Að tryggja samræmda skráningu á útleigu verkfæra, áhalda, tækja og búnaðar þannig að alltaf sé ljóst hvar tæki og búnaður er og hver ber ábyrgð á honum.

2. Ábyrgðarskipting

Sviðsstjóri ber ábyrgð á útfærslu á hlutverkum innan síns sviðs í samræmi við neðangreinda lýsingu.

3. Lýsing

3.1 Ákvörðun um kaup á verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði

Stjórnandi rekstrareiningar tekur ákvörðun um kaup á verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði að fjárhæð allt að kr. 20.000.

Vegna kaupa á verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði að fjárhæð umfram kr. 20.000 skal fá samþykki yfirmanns rekstrareiningarinnar.

3.2 Skráning á kaupum á verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði.

Öll kaup á verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði innan rekstrareiningar að fjárhæð umfram kr. 20.000 skal færa á eignalista viðkomandi rekstrareiningar við kaup.

Umsjónarmaður rekstrareiningar ber ábyrgð á verkfærum, áhöldum, tækjum og búnaði rekstrareiningarinnar.

3.3 Skráning útleigu verkfæra, áhalda, tækja og búnaðar.

Um alla útleigu verkfæra, áhalda, tækja og búnaðar skal gera skriflegan leigusamning þar sem fram kemur hvað er verið að leigja, leiguupphæð, upphafstími leigu og lok leigu. Umsjónarmaður rekstrareiningar ber ábyrgð á þessari skráningu. Áfrit leigusamninga skal varðveitt í sérmerktri möppu.

4. Eftirlit

Í árslok skal ábyrgðaraðili rekstrareiningar skila eignayfirliti til næsta yfirmanns.

5. Tilvísanir

FMS-EBL-024 Nýskráning á verkfærum, áhöldum og tækjum.

FMS-EBL-025 Útleiga á verkfærum, áhöldum og tækjum.

¹ Rekstrareiningar geta verið fagsvið, stofnanir, skrifstofur eða aðrar starfsstöðvar.



REGLUR

um eignaskráningu rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar

1. gr. Tilgangur

Í reglum þessum er skráð og skilgreint fyrirkomulag eignaskráningar rekstrarfjármuna hjá Reykjavíkurborg. Tilgangurinn með reglunum er að stuðla að varðveislu eigna og góðu eftirliti með þeim og tryggja rétta og ítarlega skráningu þeirra. Skráin skoðast sem hluti af bókhaldsgögnum Reykjavíkurborgar eins og kveðið er á um í 14. grein reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

2. gr. Gildissvið

Halda skal eignaskrá sem nái til allra lausafjármuna að því tilskyldu að stofnverð einstakra eigna eða eignasamstæða sé 250.000 krónur að lágmarki. Halda skal slíka eignaskrá frá og með árinu 2017 í Aðalsjóði og Eignasjóði yfir alla lausafjármuni sem keyptir verða á því ári og síðar. Um eignaskrá gildir verklagsregla fjármálaskrifstofu FMS-VLR-142 Skráning rekstrarfjármuna sem gjaldfærðir eru við kaup.

3. gr. Stofnbúnaður

Til stofnbúnaðar heyra einungis rekstrarfjármunir sem teljast varanlegir. Hver sá búnaður annar sem keyptur er inn við stofnun nýrrar rekstrareiningar skal gjaldfærður á fyrsta rekstrarári. Fyrningartími stofnbúnaðar skal vera sem hér segir

Lykill	Tegund	Ár
5580	Húsgögn	10
5581	Námsgögn og leikföng	3
5582	Rafmagnstæki	3-5
5583	Tölvubúnaður	3
5589	Önnur tæki og búnaður	1-10

4. gr. Ábyrgð á rekstrarfjármunum

Starfsmenn skulu bera ábyrgð gagnvart sínum næsta yfirmanni á viðkomandi starfseiningu á þeim rekstrarfjármunum sem þeir hafa yfir að ráða. Ábyrgðin er ekki síst af siðferðislegum toga í samræmi við 2. gr. siðareglna starfsmanna Reykjavíkurborgar þar sem kveðið er á um að starfsfólk aðhafist ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé.

5. gr. Merking rekstrarfjármuna

Rekstrarfjármunir Reykjavíkurborgar að stofnverði umfram 50 þúsund krónur sem samnýttir eru af tveimur eða fleiri starfsmönnum og/eða eru fluttir á milli verkstaða, skulu við kaup vera

auðkenndir með merki Reykjavíkurborgar eða öðrum skýrum hætti. Er það á ábyrgð þess sem samþykkir kaupin að sjá til þess að merking sé til staðar. Halda skal lista yfir alla merкта rekstrarfjármuni.

6. gr.

Fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu

Um fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu rekstrarfjármuna skal fara eftir verklagsreglu fjármálaskrifstofu FMS-VLR-130 Fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu eigna.

- i. kaup á áhöldum, tækjum og eignasamstæðum að lágmarks kaupverði 2,5 millj. kr. skulu eignfærð.
- ii. kaup á stofnbúnaði skulu eignfærð óháð kaupverði.
- iii. kaup á skráningarskyldum tækjum skulu eignfærð, óháð kaupverði.
- iv. kaup á áhöldum, tækjum og eignasamstæðum undir 2,5 millj. kr. skulu gjaldfærð með þeirri undantekningu að stofnbúnaður og öll skráningarskyld tæki skulu eignfærð, óháð kaupverði.

Reykjavík, 30. mars 2017

Stefán Eiríksson
borgarritari